



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

10. tbl. desember 2014

*Gleðileg jól*



## Meðal efnis:

Ráðstefna um kosningabátttöku ungs fólks	2
Græn störf	4
Sveitarstjórnarvettvangur EFTA	6
Orðsperið 2015	8
Upplýsingar um afkomu opinberra aðila	13

# LÝÐRÆÐI

## Ráðstefna um kosningaþátttöku ungs fólks


Landssamband æskulýðsfélaga kynnir alþjóðlegu ráðstefnuna “The importance of youth organisations in society and democracy”. Á ráðstefnunni verður fjallað um kosningaþátttöku ungs fólk sem hefur farið þverrandi á seinustu árum og til að ræða málið hefur Landssamband æskulýðsfélaga fengið til liðs við sig erlenda aðila sem hafa unnið við að hvetja ungt fólk til virkrar samfélagsþátttöku. Ráðstefnan verður haldin í Reykjavík dagana 16.-18. janúar nk.

[Heimasíða ráðstefnunnar.](#)



## Ölfus fyrst sveitarfélaga til að framkvæma rafræna íbúakosningu

Sveitarfélagið Ölfus sótti um í byrjun nóvember að taka þátt í tilraunaverkefni innanríkisráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands með rafrænar íbúakosningar og hefur ráðuneytið staðfest beiðni sveitarfélagsins. Ætlunin er að kanna vilja íbúa til sameiningar



sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög, en þessu til viðbótar verður spurt um fleiri samfélagsleg atriði sem enn á eftir að móta. Sveitarfélagið Ölfus verður því fyrst sveitarfélaga til að nýta sér bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 um rafrænar kosningar en kosningin mun fara fram í mars 2015. Að auki hefur bæjarstjórn Ölfuss ákveðið að óska eftir því að kosningaaldur í þessari kosningu verði færður niður í 16 ár skv. áður nefndu bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga.

# UMHVERFISMÁL

## Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum



Alþingi samþykkti í desember breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem mikilvægt er að skipulagsfulltrúar og skipulagsnefndir sveitarfélaga kynni sér vel.

Frumvarp um þetta efni hefur verið til umfjöllunar á þremur löggjafarþingum en náði loks fram að ganga nú. Sú breyting sem hefur mest áhrif á sveitarfélögin er að ýmsar minniháttar framkvæmdir sem ekki hafa verið tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til þessa á grundvelli II. viðauka við löginn munu framvegis verða tilkynningarskyldar til sveitarfélaga. Sveitarstjórnir þurfa að móta verklag um yfirferð slíkra tilkynninga með hliðsjón af leiðbeiningum sem Skipulagsstofnun

gefur út í þeim tilgangi að samræma verklag um allt land. Þar sem frestur til þess að taka afstöðu til slíkra tilkynninga verður mjög stuttur, almennt aðeins 2 vikur frá því að fullnægjandi gögn berast, er líklegt að sveitarstjórnir feli í flestum tilvikum skipulagsfulltrúa eða öðrum sérfræðingum að fara yfir tilkynningarnar. Í mörgum tilvikum ætti að vera hægt að samþætta þetta verkefni við yfirferð umsókna um framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórnun er bent á að málið getur kallað á breytingu á samþykktum sveitarfélaga, til að ljóst sé hvar ábyrgð á þessu verkefni liggur innan stjórnkerfis sveitarfélaga.

# Græn störf og hringrásarhagkerfi fram tíðarinnar

Á rúmri öld hefur jarðarbúum fjölgað úr tæplega tveimur milljörðum í tæplega sjö milljarða og meðalneysla hvers og eins eykst jafnt og þétt. Þó er það enn svo að 20% mannkyns nýta 80% af orku og auðæfum heims og losa lungann af þeim gróðurhúsalofttegundum sem leyst eru í andrúmsloftið af mannavöldum. Mannkynið þyrfti a.m.k. eina og hálfá jörð til að framfleyta sér ef allir jarðarbúar leyfðu sér neyslu Vesturlandabúa. Staðan væri reyndar mun verri ef allar þjóðir hefðu tileinkað neyslumynstur Íslendinga.

Eitt brýnasta verkefni mannkyns á þessari öld að móta efnahags- og atvinnustefnu sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og nýtir orku og aðföng á sjálfbæran hátt. ESB birti nýlega stefnumótun um „hringrásarhagkerfið“ sem ætlað er að bregðast við þessari áskorun. Hringrásarhagkerfið byggir á nýrri hugsun en felur líka í sér að endurreisn gamalla gilda um að endurnýta hluti og gera við þá í stað þess að henda og kaupa nýtt. Í hringrásarhagkerfinu verða til græn störf. ESB gerir ráð fyrir að milljónir grænna starfa skapist á næstu árum. Græn störf skiptast í tvo yfirflokka, annars vegar störf við framleiðslu á umhverfisvænum vörum eða þjónustu og hins vegar störf við að gera framleiðsluferla í mismunandi framleiðslugreinum umhverfisvænni. Í fyrri flokkinn falla t.d. störf í fyrirtækjum við framleiðslu eða veitingu umhverfisvænnar



vöru eða störf sem stuðla að verndun náttúruauðlinda s.s. á sviði endurnýjanlegrar orku, orkusparnaðar, mengunarvarna, minni losunar gróðurhúsalofttegunda, endurvinnslu og endurnotkunar, náttúruverndar og fræðslu á sviði umhverfismála. Í síðari flokkinn falla störf þar sem skyldur starfsmanna felast meðal annars í því að gera framleiðsluferla á viðkomandi starfsstöð umhverfisvænni og bæta nýtingu náttúruauðlinda á þeim sviðum sem fyrri flokkurinn tekur til.

Græn störf krefjast stefnumótunar þar sem sjónarmið umhverfis- og náttúruverndar og ábyrgar auðlindastjórnunar eru samofin allri

# SAMBANDIÐ

## Landsþing sambandsins

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 12. desember sl., var samþykkt að boða til XXIX. landsþings sambandsins föstudaginn 20. mars 2015. Þingið verður haldið á Grand hóteli í Reykjavík.

Samkvæmt 4. gr. samþykktu sambandsins skal stjórn sambandsins boða fulltrúa sveitarfélaganna til landsþings í mars eða apríl ár hvert, nema á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram – þá er landsþing haldið í september eða október.

Stjórnin samþykkti að við undirbúning landsþingsins skyldi gengið út frá því að meginumfjöllunarefni þingsins yrðu þessi:

- Svæðasamvinna sveitarfélaga – sbr. samþykkt stjórnar sambandsins í nóvember 2012 um skipan sex manna nefndar til að fjalla um hlutverk landshlutasamtaka og þróun í

svæðasamvinnu sveitarfélaga á Íslandi, með tilliti til þess hvort hugsanlega stefni í myndun þriðja stjórnsýslustigsins hér á landi.

- Efling sveitarstjórnarstigsins – sbr. lið 3.1.3 í stefnumörkun sambandsins 2014–2018.
- Persónukjör í sveitarstjórnarkosningum – sbr. lið 3.1.12 í stefnumörkun sambandsins 2014–2018.
- Einhver þau mál sem efst verða á baugi sveitarstjórnarstigsins þegar landsþingið verður haldið.

Seturétt á landsþinginu eiga 151 fulltrúi frá 74 sveitarfélögum. Auk þess eiga þar seturétt með málfrelsi og tillögurétti formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga, stjórnarmenn sem ekki eru kjörnir fulltrúar sinna sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar.

ákvarðanatöku frá frumstigi. Sveitarfélög geta haft mikil áhrif í hringrásarhagkerfinu sem atvinnurekendur og sem framkvæmdaaðilar, ekki síst þar sem þau bera ábyrgð á tæknilegum innviðum í sveitarfélögum. Þau geta líka sem innkaupaðilar haft áhrif á framboð á grænum

vörum og þjónustu og nýsköpun í græna hagkerfinu.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA ályktaði um hringrásarhagkerfið og græn störf á fundi sínum í Brussel í nóvember.

# Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundar í Brussel



Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundaði í tíunda sinn í Brussel, 24.-25. nóvember sl. Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES EFTA ríkjunum gagnvart ESB. Í honum eiga sæti allt að sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

Helstu viðfangsefni vettvangsins að þessu sinni voru mögulegur fríverslunarsamningur ESB og Bandaríkjanna og græn störf en vettvangurinn samþykkti ályktanir um þessi tvö mál. Vettvangurinn fékk einnig kynningu á Eftirlitsstofnun EFTA og málum sem stofnunin hefur fengið til úrlausnar og tengjast sveitarfélögum. Helga Jónsdóttir fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð, sem er ein þriggja yfirstjórnenda stofnunarinnar, flutti

kynninguna, ásamt samstarfsmanni sínum. Atle Leikvoll sendiherra Noregs gagnvart ESB sagði fundarmönnum frá nýlegum breytingum á vettvangi ESB; nýju Evrópuþingi, nýrri framkvæmdastjórn o.fl. og Georges Baur, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA gaf yfirlit eftir helstu nýmæli hjá EFTA.

## Fríverslunarsamningur ESB og Bandaríkjanna

Samningaviðræður um viðtækan fríverslunarsamning milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna (TTIP) standa nú yfir. Slíkur samningur gæti m.a. haft umtalsverð áhrif á innkaupamál sveitarfélaga og rekstrarform þjónustu þeirra. Markmið samningsins er að auðvelda gagnkvæman aðgang fyrirtækja samningsríkjanna að mörkuðum þeirra og hann myndi fela í sér samræmingu á regluverki ríkjanna. Talið er að hann geti haft

# ALÞJÓÐAMÁL

Í för með sér aukinn þrýsting á einkavæðingu almannþjónustu, s.s. vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmála, almenningssamgangna, félagsþjónustu, heilbrigðis- og menningarmála. Einnig er talið að hann gæti haft í för með sér breytingar á umhverfislöggjöf ESB, á reglum um neytendavernd og matvælaeftirlit.

EES EFTA löndin verða ekki beinir aðilar að samningum en hann myndi óbeint hafa mikil áhrif á þau, vegna breytinga sem gera þyrfti á ESB löggjöf sem heyrir undir EES samninginn. Ennþá er langt í land með að samningur sé höfn en gagnrýnt hefur verið að samningsferlið sé ógagnsætt og að lýðræðislega kjörin stjórnvöld í aðilarríkjunum hafi ekki fengið nægjanlegar upplýsingar um stöðu samningaviðræðna, m.a. vegna þess að í Bandaríkjunum tíðkast meiri leynd í kringum svona samningaviðræður en í Evrópu. Fundarmenn hlýddu á kynningar Georges Baur, aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA og Simonu Wolesa, forstöðumanns Brussel-skrifstofu austurríska sveitarfélagasambandsins um efnið og samþykktu í kjölfarið ályktun. Ályktun

## Græn störf og hringrásarhagkerfið

Auðlindir heimsins eru takmarkaðar og vaxandi áhersla er lögð á svokallað hringrásarhagkerfi þar sem einblínt er á að draga úr soun auðlinda. Aukin áhersla á hringrásarhagkerfi

getur hvort tveggja hlíft umhverfinu og stuðlað að hagvexti með sköpun nýrra grænna starfa. Evrópusambandið hefur sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr gróðurhúsalofttegundum, auka orkuskilvirkni og efla endurnýjanlega orkugjafa ásamt því að minnka úrgang. Þetta hefur leitt til vaxtar í fjölbreyttum grænum störfum - störfum sem fela í sér nýsköpun til að vernda umhverfið eða færa það aftur í fyrra horf. Græn störf eru tengd hreinni tækni eða stuðla að bættri umhverfisvitund og draga úr umhverfisáhrifum hefðbundinna starfa. Græn störf byggja á því að fjárfesta í aukinni framleiðni með betri nýtingu, t.d. orku og hráefna, og komast þannig hjá soun á aðföngum og fjármagni. Fundarmenn hlýddu á kynningar Radosławs Owczarzak sérfræðings á skrifstofu atvinnumála hjá framkvæmdastjórn ESB og Satu Tietari fulltrúa Svæðanefndar ESB og samþykktu í kjölfarið ályktun um græn störf og hringrásarhagkerfið sem flutt var af Birni Blöndal.

- [Ályktun](#)

Ályktunum verður komið á framfæri við stjórnvöld EES-ríkjanna, stofnanir EFTA og Svæðanefndina.

# SKÓLAMÁL

## Orðsporið 2015

Dagur leikskólans verður haldinn hátíðlegur í áttunda sinn þann 6. febrúar 2015.

Samstarfsaðilar um Dag leikskólans eru Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóli – landssamtök foreldra.

Á Degi leikskólans síðastliðin tvö ár hefur viðurkenningin Orðsporið verið veitt þeim sem þótt hafa skarað fram úr í að efla orðspor leikskólastarfs í landinu og unnið ötullega í þágu leikskóla og/eða leikskólabarna.

- Árið 2013 var Orðsporið veitt Súðavíkurhreppi fyrir að bjóða 6 klst. gjaldfrjálsa tíma á dag fyrir öll börn á leikskólaaldri, Kristínu Dýrfjörð og Margréti Pálu Ólafsdóttur fyrir að vekja opinbera umræðu um málefni leikskólans á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Árið 2014 fengu aðstandendur þróunarverkefnisins „Okkar mál“ Orðsporið en markmið verkefnisins er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu undir forystu leikskólanna.

Ákveðið hefur verið að Orðsporið 2015 verði veitt þeim rekstraraðila/sveitarfélagi

sem þykir hafa skarað fram úr við að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla og/eða fjölga leikskólakennurum í sínum leikskóla/leikskólum. Opnað hefur verið fyrir tilnefningar vegna Orðsporsins 2015 á [heimasíðu Kennarasambands Íslands](#) og skulu tilnefningar berast eigi síðar en 12. janúar 2015.

Valnefnd verður skipuð fulltrúum samstarfsaðila um Dag leikskólans. Niðurstöður valnefndar byggjast á greinargerðum og rökstuðningi. Í tilnefningunni þarf að koma fram hvað rekstraraðili og/eða sveitarfélag hefur gert til að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla og/eða fjölga leikskólakennurum í sínum leikskóla/leikskólum. Í tilnefningunni þarf einnig að koma fram mat á árangri og rökstuðningur fyrir því af hverju viðkomandi á skilið að hljóta Orðsporið 2015. Ekki er tekið á móti viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í tilnefningunni.





# Átak í að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla

Samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda [nr. 87/2008](#) skulu að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í [Skólaskýrslu sambandsins 2014](#) kemur fram að árið 2013 voru 38% starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf í öllum leikskólum landsins leikskólakennarar, 13% höfðu aðra uppeldismenntun og 49% voru ófaglærðir. Ljóst má vera að miðað við aðsókn í leikskólakennaranám mun ekki takast að uppfylla lagaskyldur stjórnvalda á næstunni.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga þykir ástæða til að hafa þungar áhyggjur af þeirri miklu fækkun sem orðið hefur í innritun í leikskólakennaranám eftir lagasetninguna 2008. Sambandið hefur lagt á það sérstaka áherslu að hækka menntunarstig sem flestra starfsmanna í leikskólum, þ. á m. ófaglærðra, með fjölbættari námslokum en meistaragráðu á háskólastigi. Markmiðið er að gera nám í leikskólafræðum aðgengilegra og markvissara með því að stigskipta því og fjölga starfsheitum í leikskólum, þar sem herra menntunarstig kæmi fram í breyttum starfsskyldum, aukinni ábyrgð og launum.

Sambandið fagnar ákvörðun Kennaradeildar Háskólans á Akureyri og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um að bjóða upp á diplómanám í leikskólakennarafræðum og telur það vera nýja

leið til að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla og ætti jafnframt að auðvelda fólki að taka það skref að hefja fyrsta áfanga námsins. Leikskólastigið er eina skólastigið á Íslandi sem líður fyrir skort á kennurum. Sambandið telur að úr því megi bæta meðal annars með því að nýta fjölbreyttan bakgrunn leiðbeinenda og skapa þeim aukna möguleika til að mennta sig til starfa á leikskólum.

4. desember sl. sendi sambandið hvatningu til sveitarfélaga um að gera átak í að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla. Er þetta í takt við nýja stefnumörkun sambandsins sem samþykkt var á fundi stjórnar sambandsins 21. nóvember sl. en þar kemur fram eftirfarandi afstaða til starfsþróunar:

*Sambandið skal vinna að því að starfsþróun kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skóla verði forgangsverkefni. Huga þarf sérstaklega að því að efla fagmenntun starfsfólks leikskóla með fjölbreyttum námsleiðum og áfangaskiptingu leikskólakennaranáms.*

# SKÓLAMÁL


## Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2015-2016

Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2015-2016 er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 156 fullgildar umsóknir um námsleyfi skólaárið 2015-2016. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt yrðu 34 námsleyfi. Aðeins var hægt að verða við um 22% þeirra beiðna sem fyrir lágu og því ljóst að ýmsum fullgildum og áhugaverðum umsóknum varð að hafna.

Eins og fram kom í auglýsingu um úthlutun námsleyfa og samræmist 5. gr. reglna um Námsleyfasjóð var ákveðið að allt að 1/3 leyfa yrði úthlutað sérstaklega vegna náms sem tengist þróun kennsluhátta sem stuðla að

fjölbreyttum námsaðferðum í lestri/stærðfræði og kennslu nemenda af erlendum uppruna. Var 11 leyfum úthlutað til slíkra verkefna. Námsleyfum var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum.

Tilkynning um niðurstöðu stjórnar Námsleyfasjóðs hefur verið send öllum umsækjendum bréfleiðis. Upplýsingar um námsleyfihafa er hægt er að nálgast á vefsíðu [Námsleyfasjóðs](#). Þar eru einnig að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um sjóðinn.



# SKATTAMÁL

## Lagabreytingar á haustþingi 2014 sem hafa áhrif á útgjöld og tekjur sveitarfélaga

Nokkrar lagabreytingar sem hafa áhrif á fjármál sveitarfélaga voru voru samþykktar á haustþingi. Þessar má helstar telja:

- a. Hámarksútsvar verður áfram 14,52% á árinu 2015, vegna framlengingar bráðabirgðaákvæðis við lög um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015. Sveitarstjórnir eru minntar á að senda átti fjármála- og efnahagsmálaráðuneytinu tilkynningu um útsvarshlutfall fyrir 15. desember sl.
- b. Lögum um breytingu á lögum um tekjustofna var breytt á þann hátt að eigendur atvinnuhúsnæðis sem sætir breyttri álagningu vegna endurskoðaðrar aðferðarfræði við ákvörðun fasteignamats fá aðlögun að þeim breytingum fram á árunum 2015 og 2016. Hins vegar féllst Alþingi ekki á tillögu um að ráðstafa tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna bankaskatts til sveitarfélaga í hlutfalli við útsvarsstofn, eins og lagt var til í frumvarpi innanríkisráðherra. Teknar verða upp viðræður milli ráðuneytisins og sambandsins í byrjun janúar um hvernig brugðist verði við þessari afstöðu löggjafans.



- c. Virðisaukaskattur breytist á þann hátt að lægra þrep verður 11% í stað 7% áður. Hærra þrep verður 24% í stað 25,5% áður. Ýmsar breytingar verða jafnframt á ákvæðum laganna og er undanþágum fækkað svo sem varðandi ferðaþjónustustarfsemi.
- d. Tímabil atvinnuleysisbóta er stýtt úr 36 mánuðum í 30 mánuði, frá og með 1. janúar 2015, samkvæmt lögum um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.

Þess má að lokum geta að frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem lagt er til að lágmarksútsvar verði afnumið, var ekki afgreitt á haustþingi.

[Umsögn sambandsins](#) og einstakra sveitarfélaga um það mál.

# SKIPULAGSMÁL

## Skipulagsstofnun kallar eftir athugasemdum um tillögu að landsskipulagsstefnu

Drög að landsskipulagsstefnu, sem unnin er á grundvelli ákvæða III. kafla skipulagslaga, verða auglýst á heimasíðu Skipulagsstofnunar föstudaginn 19. desember. Kynningartími tillögunnar er átta vikur þannig að nægur tíma er til bregðast við og senda inn athugasemdir þó svo að jólin séu að ganga í garð. Fyrirhugaðir eru kynningarfundir vegna tillögunnar í janúar 2015, en þeir verða auglýstir síðar. Nánari upplýsingar um sjálfa tillöguna verða aðgengilegar á föstudag.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur átt töluverða aðkomu að undirbúningi málsins með þátttöku í ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu og á samráðsvettvangi þar sem áherslur í stefnunni hafa verið ræddar á undirbúningsstigi. Skipulagsmálanefnd sambandsins átti fund með fulltrúa Skipulagsstofnunar á lokaspretti vinnunnar og kom þar fram sú afstaða af hálfu sambandsins

að vegna þess að tímaáætlun fyrir verkefnið hefur ekki staðist fyllilega sé hætt á því að of skammur tími verði til samráðs við sveitarfélögin um efni tillögunnar. Skipulagsmálanefnd sambandsins mun fjalla áfram um málið um miðjan janúar ásamt fulltrúum sambandsins í ráðgjafarnefnd. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er stefnt að því að koma á framfæri skriflegum athugasemdum við drögin eftir því sem tilefni verður til.

Sambandið telur mikilvægt að sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga kynni sér fyrirbyggjandi drög og komi á framfæri ábendingum. Er bent á að ábendingum má koma á framfæri við Guðjón Bragason, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins en einnig er hægt að senda formlegar umsagnir til Skipulagsstofnunar.

- [Heimasíða Skipulagsstofnunar.](#)



## Upplýsingar um afkomu opinberra aðila

Hagstofa Íslands gefur út upplýsingar á þriggja mánaða fresti um afkomu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin senda inn upplýsingar á rafrænan hátt til hagstofunnar eftir hvern ársfjórðung sem niðurstaðan byggir á. Þar koma m.a. fram upplýsingar um rekstur og fjárfestingar þeirra. Með samanburði við samsvarandi ársfjórðunga frá fyrra ári er hægt að fá yfirlit í grófum dráttum um hvert stefnir í rekstri sveitarfélaganna.

Hagstofan birti niðurstöður fyrir fyrst þrjá ársfjórðungana í byrjun desember. Þar kemur m.a. fram að heildartekjur sveitarfélaganna hafa aukist um 5,1% að nafnvirði fyrstu þrjá mánuði ársins miðað við árið 2013. Skatttekjur hafa aukist um 6,2%. Heildarútgjöld sveitarfélaga hafa aukist um 4,5% milli ára. Þó ber að geta þess að útgjöld hækkuðu um 3,2% milli ára á fyrsta ársfjórðungi ársins en 5,9% á þriðja ársfjórðungi. Sú niðurstaða helgast vafalaust af áhrifum nýgerðra kjarasamninga. Launaliður sveitarfélaga hækkaði um 5,6% milli ára á fyrsta ársfjórðungi, um 7,4% á öðrum ársfjórðungi og um heil 11,9% milli ára á þriðja ársfjórðungi. Alls hækkaði launaliður sveitarfélaga um 8,3% í heildina á milli ársfjórðunga á þrem fyrstu ársfjórðungum ársins.



Þar á móti kemur að kaup á vörum og þjónustu hafa hækkað lítið milli ára eða um 1,9% fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins. Þar kemur bæði til lág verðbólga og aðhald í rekstri.

Að lokum vekur það athygli að fjárfesting er heldur lægri fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins en á fyrra ári. Fjárfesting á árinu 2014 er 98,3% af því sem hún var á árinu 2013.

Það skal tekið fram að hér er ekki um að ræða upplýsingar sem byggja á formlegum uppgjörum sveitarfélaga. Hér er því um að ræða sterkar vísbendingar um hver þróun einstakra liða er milli ára.



*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.  
Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða*

*Steinþor Hauksson*

*Tom Björnsson*

## Jóla- og nýárskveðja

Stjórn og starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga senda sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga góðar óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á nýju ári með þakklæti fyrir gott og gefandi samstarf á árinu sem er að líða.

### Opnunartímar um jól og áramót

Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og annarra samstarfsstofnana verður opin um jól og áramót sem hér segir:

- Þorláksmessa frá 8:30-16:00
- Aðfangadagur lokað
- Gamlársdagur frá kl. 8:30-12:00



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2014/35

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi að heimildar sé getið.*